



Borgarráð

Bryggjuhverfi - Uppfært Lóðarvilyrði - Hagkvæmt húsnæði - Sixtar

Óskað er heimildar borgarráðs til þess að færa lóðarvilyrði Sedrus ehf (Sixtar teymið) til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur í Bryggjuhverfi frá reit D yfir á reit G.

Greinargerð:

Í Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarstjórn þann 6. júní 2017 voru tilgreindarsérstakar tillögur um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur þar sem áhersla var lögð á uppbyggingu á ríkislóðum sem hafa gengið til borgarinnar en einnig þróunarsvæði við Ártúnshöfða og Gufunes.

Borgin auglýsti sumarið 2018 eftir tillögum að hagkvæmu húsnæði og var verkefnum gefin stig samkvæmt matsblaði. Í nóvember 2018 var niðurstaða stigagjafarinnar kynnt fyrir borgarráði og óskað eftir heimild til þess að hefja viðræður við stigahæstu teymin um lóðavilyrði. Sett voru fram skilyrði um að aðilar gætu sýnt fram á 20% eiginfjárframlag af áætluðum verkefnakostnaði, væru með samning við höfunda tillagna sem voru lagðar fram í samkeppninni og væru búnir að stofna félag um verkefnið.

Áður voru viðræður við teymið Variat um lóðarvilyrði á lóðinni en það teymi færði sig yfir á Veðurstofuhæð þegar Heimavellir sögðu sig frá verkefninu.

Fulltrúum Sixtar var boðið að ganga til viðræðna samkvæmt stigaröð og hefur þeim viðræðum nú lokið með hjálögðu vilyrði sem borgarráð samþykkti í ágúst.

Þegar byggingarfélagið Miðgarður afþakkaði áframhaldandi viðræður um lóðarvilyrði á lóð G var haft samband við næstu teymi í stigaröð og þeim boðið að skipta um lóð. Fulltrúar Sixtar teymisins lýstu þá yfir áhuga á því að færa sig yfir á lóð G sem þeir töldu henta sínu verkefni betur.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertervig

